

Mánudaginn 16. desember 1996.

Nr. 443/1996.

**Ákærvaldið**

gegn

**Sigurjóni Hannessyni**

Kærumál. Frávísun máls felld úr gildi. Aðfinnslur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. desember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjaness 6. desember sl. um að vísa frá dómi máli sóknaraðila á hendur varnaraðila. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka ákæru á hendur varnaraðila til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sýslumaðurinn í Keflavík höfðaði opinbert mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness gegn varnaraðila með ákæru 3. júní 1996 fyrir tiltekið brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni með síðari breytingum. Með sömu ákæru var höfðað mál á hendur öðrum manni vegna brota, sem virðast ekki hafa tengst ætluðu broti varnaraðila. Undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi felldi ákærandinn málið niður, hvað varnaraðila varðar, 28. ágúst 1996, en málið gekk til dóms að öðru leyti. Sýslumaður gaf út nýja ákæru á hendur varnaraðila 23. september 1996 vegna sömu sakargifta og í fyrra málinu. Í þinghaldi í síðara málinu 6. desember 1996 var eftirfarandi bókað í þingbók: „Upplýst er nú, að ákæran á dskj. nr. 11 er hin sama og felld var niður í dómi Héraðsdóms Reykjaness 11. nóvember sl. í málinu nr. S-272/1996: Ákærvaldið gegn . . . og Sigurjóni Hannessyni. Dómari leggur fram sem dskj. nr. 13–14, ákæru og dóm í því máli. Dómari vísar ákæru á dskj. nr. 11 frá dómi með tilvísun til framanritaðs.“ Er þetta sú ákvörðun, sem er kærð í máli þessu.

Í þinghaldi í fyrra máli ákærvaldsins gegn varnaraðila 28. ágúst 1996 var fært í þingbók, að ákærandi félli frá ákæru á hendur varnaraðila, sem hafi ekki sótt þing. Þessa ráðstöfun er ekki unnt að

meta á annan veg en þann, að með henni hafi ákærvaldið afturkallað ákærana gagnvart varnaraðila, en samkvæmt því hafi málið verið fellt niður, hvað hann varðar, sbr. b-lið 132. gr. laga nr. 19/1991. Niðurfelling máls með þessum hætti girðir á engan hátt fyrir, að nýtt mál verði höfðað um sama sakarefni. Var því ekkert tilefni til að vísa frá máli ákærvaldsins gegn varnaraðila samkvæmt nýrri ákæru, svo sem héraðsdómari gerði með hinni kærðu ákvörðun. Verður hún því felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Athuga ber, að héraðsdómara hefði verið rétt að kveða á um frávisun málsins gagnvart varnaraðila í formi rökstudds úrskurðar.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka til efnismeðferðar mál ákærvaldsins á hendur varnaraðila, Sigurjóni Hannessyni.

---